

Samkvæmt þessu verður tjón drengsins af völdum slyssins talið alls kr. 356.977.00 (250.000.00 + 60.000.00 + 46.977.00). Þar frá ber að draga þær kr. 41.000.00, sem stefndi hefur þegar greitt. Stefnda ber því að greiða stefnanda kr. 315.977.00 með vöxtum, svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Oliufélagið h/f, greiði stefnanda, Gustav Håkonsen f. h. Hákons Hákonsens, kr. 315.977.00 með 6% ársvöxtum frá 12. júní 1950 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1952.

Nr. 184/1951. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Ólafi Magnússyni Waage (Þórólfur Ólafsson).

Brot gegn 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Refsing ákærða fyrir brot það, sem lýst er í héraðsdómi, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Þá ber og samkvæmt 3. málsg. 68. gr. laga nr. 19/1940 að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar svo og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Magnússon Waage, sæti fangelsi 4 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosn-

ingarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Þórólfs Ólafssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar af ákærvaldsins hálfu einungis til sviptingar réttinda ákærða samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940.

Svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði gerzt sekur um brot gegn 200. gr. framangreindra laga. Varðar það brot missi réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. nefndra laga. Ber því að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Að öðru leyti verður hinum áfrýjaða dómi ekki raskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Magnússon Waage, er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Þórólfs Ólafssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Barðastrandarsýslu 31. maí 1951.

Ár 1951, fimmtudaginn 31. maí, kl. 14, var á aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sem haldið var á sýsluskrifstofunni á Patreksfirði af Jóhanni Skaptasyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2/1951, sem höfðað er af hálfu réttvísinnar gegn Ólafi Magnússyni Waage, bónda að Húsum í Selárdal hér í sýslu, fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Málið var dómtekið 23. þ. m.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. maí 1899.

Hann hefur hinn 8. júlí 1943 sætt 20 króna sekt fyrir brot á lögum nr. 58/1914.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Hinn 2. október 1950 ól 14 ára stúlka sveinbarn í sjúkrahúsinu á Patreksfirði. Stúlkan heitir X, er fædd 22. apríl 1936.

Faðir stúlkunnar kærði málið hingað á skrifstofuna hinn 19. október 1950.

Við rannsókn málsins lýsti stúlkan ákærða, Ólaf Magnússon Waage, föður barnsins, og gekkst hann við faðerni þess.

Tildrög að kunningsskap ákærða og stúlkunnar voru þau, að þegar hún var 8 ára, var henni komið fyrir til dvalar að Húsum hjá ákærða og konu hans, meðan hún gekk í farskóla. Síðan var hún þar hvern vetur til 13 ára aldurs.

Kennslunni var venjulega þannig hagað, að kennt var á tveimur stöðum í hreppnum, hálf mánaðar tíma í einu á hvorum stað. Kennari var einn, og dvöldu börn hvors skólahverfis heima hjá sér, meðan kennt var á hinum staðnum.

Var stúlkan þannig til skiptis heima hjá sér og að Húsum.

Veturinn 1948—1949 var hún treg til að koma heim í fríunum, og um vorið varð faðir hennar að ganga eftir því, að hún kæmi heim til starfa, en þá var móðir hennar að fara til Reykjavíkur.

Kom stúlkan þá heim. En rúmlega viku seinna, á hvítasunnunni, 5. júní, er faðir hennar var að heiman, en hún ein heima með tveimur systkinum sínum, 11 ára telpu og 16 ára dreng, strauk hún að heiman að Húsum.

Um það bil viku seinna kom faðir hennar að Húsum og ætlaði að tala við hana, en hún faldi sig, og náði hann ekki tali af henni.

Hjónin að Húsum sögðu honum, að það væri velkomið, að stúlkan væri áfram að Húsum, fyrst hún vildi það. Lét hann þá við svo búið standa.

Aðspurð um afstöðu sína til þessara tveggja heimila og brothlaupsins að heiman, gat stúlkan þess, að hjónin að Húsum hefðu alltaf verið henni góð og hún hefði kunnað vel við sig þar. Sér hafi alltaf komið vel saman við móður sína, en ekki hafi verið eins gott samkomulag milli sín og föður síns. Vorið 1949 var móðir hennar ekki heima, og segir

hún, að þá hafi sér leiðzt svo, að hún hafi ekki getað verið þar. Faðir hennar var þá eina fullorðna manneskjan á heimilinu.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi fyrst haft holdlegar samfarir við X um haustið 1949. Kveðst hann enga tilburði hafa haft í þá átt áður. Hann viðurkennir, að sér hafi verið kunnugt um aldur stúlkunnar og að samfarir við hana væru refsiverðar. Hann segir, að stúlkan hafi verið orðin mjög þroskuð líkamlega, og telur, að stúlkan hafi með framferði sínu gagnvart honum gefið tilefni til að ætla, að hún væri fús til samfara við hann, enda hafi samfarirnar farið fram með fúsum vilja stúlkunnar.

Stúlkan segir, að það hafi ekki verið fyrr en eftir að hún fór að Húsum vorið 1949, sem ákærði fór að hafa holdlegar samfarir við hana. Hún kveðst ekki muna það nánar. Hún kveðst þá hafa verið orðin tiltölulega mjög þroskuð líkamlega. Hún telur sig ekki hafa gefið ákærða tilefni til samfaranna, en lýsir því jafnframt yfir, að ákærði hafi á engan hátt þvingað hana til samfaranna. Hún telur, að það hafi verið í febrúarmánuði 1950, sem hún varð fyrst vör við, að hún var með barni.

Vitnið Ólafur Oddur Ólafsson, bóndi að Króki í Selárdal, sem þekkti stúlkuna, frá því að hún fór að dvelja að Húsum, hefur borið það, að haustið 1949 hafi hún verið bæði há og þrekin eftir aldri, og að mörg stúlka, sem farin væri að nálgast tvítugt, liti ekki þroskalegar út en hún þá. Hann telur, að þroski stúlkunnar hafi sýnt, að hún hafi átt mjög gott í vistinni að Húsum.

Héraðslæknirinn á Patreksfirði, Bjarni Guðmundsson, hefur vottað, að við barnsburðinn 2. okt. 1950 hafi stúlkan verið orðin óvenjulega þroskuð eftir aldri, og fæðingin gengið ágætlega og án nokkurra aðgerða. Barnið var með fullu lífi, 48 cm á lengd, 11 merkur á þyngd og virtist svo til fullburða.

Brot ákærða heyrir undir 200. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga, og með hliðsjón af þroska stúlkunnar og afstöðu hennar þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ólafur Magnússon Waage, sæti 6 mánaða fangelsi. Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.